

Helgi Guðmundsson ættfræðingur.

Helgi Guðmundsson var fæddur á Tjarnarkoti (Tjörn) í Torfustaðahreppi í Vestur-Húnavatnssýslu, þann 9. nóvember 1881. Foreldrar hans voru Guðmundur Helgason og Sigurlaug Helga Stefánsdóttir, bæði Húnavetningar langt fram í ættir. Jörðin Tjarnarkot liggur skammt norðan við þjóðveginn um Hrútafjarðarháls. Bæjarstaðið er berangurslegt, skjóllítið fyrir öllum vindáttum og næsta umhverfi er holt og móar og virðast því landgæði fremur lítil, án þess þó að fullyrst verði um það hér.



Bærinn Tjarnarkot

Helgi var einkasonur hjónanna í Tjarnarkoti, en þau eignuðust auk Helga eina dóttur Sigurlaugu að nafni. Það lá því beint við að Helgi tæki við búskap á jörðinni ásamt konu sinni Þóru Jensínu Sæmundsdóttur, þegar foreldrarnir fóru að reskjast. Þau Helgi og Þóra eignuðust fyrsta barnið árið 1907 og á 11 ára tímabili eignuðust þau 6 börn til viðbótar, mannvænleg öll og náðu þau fullorðinsaldri. Einn sonur þeirra, Karl Helgason, fv. kennari er enn á lífi og býr í Kópavogi við góða heilsu og lítið skert minni, á 92. aldursári þegar þetta er ritað.

Búskaparbasl og erfitt árferði gengu nærri heilsu hjónanna í Tjarnarkoti og þegar kemur fram á þriðja áratuginn eru þau orðin nær heilsulaus, slíta sambúð, leysa upp búíð og koma börnunum fyrir hjá vinum og vandamönnum og leita sér lækninga við krankleik sínum. Þóra andaðist ekki löngu síðar, en Helgi komst til nokkurrar heilsu, eftir langa vist undir læknishendi, þó bæklaður og hokinn líkt og með herðakistil.

Sér til dægradvalar, meðan á veikindunum stóð, fór Helgi að fást við ættfræði, örnefnasöfnun og annað fræðagrúsk, sem ekki hafði í för með sér líkamlega áreynslu. En löngun til að sinna þessum áhugamálum hafði bærst með honum á búskaparárunum, þó þá gæfust vart nema stolnar stundir til lesturs og skrifta. Helgi var óskólagenginn eins og algengast var hjá alþýðu manna á þessum tíma, en hann var bráðgreindur og stálminnugur og því vel fallinn til þessarar iðju og tók upp frá þessu að kalla sig ættfræðing.

Skömmu fyrir 1930 flyst Helgi til Siglufjarðar, sem á þessum árum var einn mesti uppgangsstaður á landinu. Hann ræður sig til vinnu hjá Ólafi A. Guðmundssyni, sem kom frá Ingólfsfirði og saltaði síld ásamt Jóni bróður sínum á Wedin-stöðinni, sem var næst sunnan við söltunarstöð Ola Henriksen og var síðast þekkt, sem söltunarstöð Sigfúsar Baldvinssonar. Milli síldarvertíða sinnti Helgi hugðarefnum sínum og drýgði tekjur sínar með því að rekja og skrá ættir Siglfirðinga gegn vægu gjaldi. Nokkur sumur kom Karl sonur hans til Siglufjarðar og vann fyrsta sumarið, sem ræsari á Wedin-stöðinni, en síðan flest almenn störf við síldarsöltunina m.a. sem beykir og bílstjóri. Hann stundaði skóla á vetrum, lauk námi sem kennari og starfaði sem slíkur fyrst á Sauðárkróki og síðar á Akranesi.

Meðan Helgi dvaldist á Siglufirði bjó hann í einu herbergi á neðri hæð Íslandsfélags-
hússins og líklega hefur það verið tilviljun, sem þó hefur sennilega hentað fræðimanninum
vel, að á sama tíma er Bókasafn Siglufjarðar starfandi í öðru herbergi í sama húsi.
Bókakostur á safninu var fremur fátæklegur á þessum árum, en hagar safnsins vænkaðist
mjög þegar bókasafn Guðmundar Davíðssonar bónda á Hraunum, liðlega 5300 bindi af
úrvals bókum, var keypt í einu lagi og bætt við þann bókakost sem fyrir var. Safnið þurfti
því nýtt húsnæði, en flutti ekki langt heldur í næsta hús, á neðstu hæð í Eyrargötu 3, svo Helgi
var áfram í návígi við safnið og hefur vafalítið notfært sér þau gögn, sem þar var að finna.
Hinrik Aðalsteinsson, sem átti heima í Íslandsfélagshúsinu á sama tíma og Helgi man eftir að
hafa nokkrum sinnum séð inn í herbergi hans og lýsir því þannig: “Innbúið var dývan, stóll
og borð þar sem hann sat við skriftir. Að öðru leyti var herbergið fullt af bókum,
handskrifuðum blaðabunkum og skjölum svo vart var hægt að drepa
þar niður fæti.” Þarna var þá
samankominn grunnurinn að
grúski Helga. Í húsinu bjó einnig
Magnús Vagnsson síldarmats-
stjóri, fjölfróður maður og
skemmtilegur og vitað er að góður
kunningsskapur tókst með Helga
og Magnúsi og fjölskyldu hans.

Ekki entist Helga lengi það
verkefni að rekja ættir Siglufirðinga
og tók hann sér þá fyrir hendur að
setja saman drög að byggðasögu,
sem hann nefndi: “Landnám
Þormóðs ramma og Úlfs víkings.”
eftir Helga Guðmundsson (og
undir fyrirsögn) “Siglunes-
hreppur” og “Úlfsdalir” Jafnframt
safnaði hann saman örnefnum á
öllum jörðum hreppsins
(kaupstaðarins), sem þá voru sem
óðast að leggjast í eyði. Ekki er
vitað hvort einhverjir hvöttu hann
til verksins, en allnokkrum var
kunnugt um þessa iðju hans og var
hann meðal annars fenginn til að
setja saman erindi um þetta verk
sitt og flytja á fundi hér í bæ. Ekki tekur Helgi fram hvaða félag var þarna um að ræða, en
geta má þess til að þetta hafi verið Húnetningafélagið, sem var eitt af nokkrum
átthagafélögum, sem störfuðu á þessum tíma af talsverðu fjöri á Siglufirði, en ekkert skal þó
um það fullyrt. Helgi hefur ekki alltaf verið auðugur af pappír því lítið innskot, sem hann
bætir í erindið, er ritað aftan á kvittun frá Tunnversmiðju Siglufjarðar, sem sýnir að þann
13/10. 1937 hefur Helgi keypt og greitt 10 tunnur af verksmiðjunni á 5 krónur stykkið.
Tunnukaupin hafa átt sér stað í miðri sláturtíð, en ég læt öðrum eftir að geta sér til um, til
hvers Helgi hefur notað tunnurnar.



Helgi Guðmundsson

Erindi þetta er varðveitt í handriti Helga og þar kemur fram að honum finnst Siglufirðingar

vera fáfróðir um fortíð staðarins og “að óvída muni vera erfiðara að afla sannsögulegra upplýsinga frá liðinni tíð” og fróðleik fær hann lítinn frá Siglufirðingum ”utan kynjasögur, flestar furðanlega fjarlægjar því sem samrýmst getur heilbrigðri skynsemi.” Því miður hefur Helgi ekki séð ástæðu til að skrá neitt af þessum kynjasögum og munu þær því flestar alveg glataðar og er það skaði að ekki sé meira sagt, en ekki er við Helga að sakast í þeim efnum, hans áhugamál voru á öðrum sviðum. Helgi skoðar jarðir í Siglufirði og nágrenni með augum bóndans og jafnvel á hinum rýrustu kotum sér hann fyrir sér blómleg túnefni og fagrar engjar og honum hrýs hugur við að sjá “ þær stórskemmdir vegna mótekju sem orðið hafa á hinum fegurstu engjalöndum flestra býla, síðan þorpsbúum fjölgaði og virðist nú mjög úr hófi keyra að síðustu.” Þá ofbýður Helga yfirgangur kirkjunnar og ásælni Hólastóls í jarðir bænda, því helstu heimildir um búskap hér á liðnum öldum er að finna í eigna- og tekjuskram Hólastóls, sem um aldir átti þessa sveit nær alla og meiri hluta jarða í Fljótum og gengu kennimenn hart fram í innheimtu landskulda, sem greiddar voru í harðfiski, en leigur í smjöri og lýsi. Örlar víða í skrifum hans á megnri andúð á yfirgangi og framferði hinna geistlegu valdsmanna gagnvart bændum og leiguliðum.

Öðru máli hefur gegnt um heimildir þegar Helgi hóf að skrá örnefni, þar kom hann ekki að tómunum kofunum hjá heimamönnum, því áður en yfir lauk hafði hann skráð nær 1300 örnefni á 27 nafngreindum bæjum og býlum. Þetta hefði hann trauðla getað án aðstoðar staðkunnugra manna og líklega hefur Helgi heimsótt flesta þá bæi, sem í byggð voru meðan



Karl Helgason

hann bjó á Siglufirði, því svo skipulega er skráningin gerð að víða væri tiltölulega auðvelt að rekja sig frá einu kennileiti til annars, en því miður lætur hann hvergi getið um hverjir eru heimildarmenn hans. Með þessari skráningu á örnefnunum og öðrum fróðleik varðandi byggðirnar yst á Tröllaskaga hefur Helgi bjargað miklum menningarverðmætum frá glötun og gleysku, sem yfir þeim vofði þegar búskap var hætt á hverri jörðinni af annarri og sveitirnar umhverfis Siglufjörð lögðust í eyði. Það er því full ástæða til að varðveita minningu Helga Guðmundssonar og flytja síðbúnar þakkir fyrir það mikla verk.

Sumarvinnan við síldina var erfiðisvinna og að því kom að heilsan hjá Helga tók að bila á nýjan leik, enda var hann, sem áður segir, bæklaður af afleiðingum fyrri veikinda. Hann fór því suður til Reykjavíkur að leita sér lækninga þar. En hann átti ekki afturkvæmt til Siglufjarðar. Helgi lést á Landspítalanum 21. apríl 1944 og er þá talinn til heimilis á Laugavegi 44, Reykjavík. Útför hans var

gerð frá Dómkirkjunni 4. maí og hann er jarðsettur í kirkjugarðinum í Fossvogi þar sem legstaður hans er í reit D-3 númer 009.

Eins og fyrr getur var Karl sonur Helga orðinn kennari á Sauðárkróki og það kom því í

hans hlut að ganga frá þeim fátæklegu reytum, sem faðir hans lét eftir sig á Siglufirði. Þær voru aðallega mikið magn af handskrifuðum blöðum auk nokkurra bóka, bæklinga og blaða, sem Helgi hafði safnað og skráð í sambandi við ættfræðina og önnur hans áhugamál. Karl kveðst hafa valið úr þau gögn er vörðuðu Siglufjörð og afhent þau Gísli Sigurðssyni, bókaverði til varðveislu ásamt nokkru af bókunum úr búi föður síns, en öllum öðrum ritum Helga var pakkað niður með öðrum bókum og blöðum og þau send til séra Jóns Guðnasonar, en þeir Helgi voru gamlir kunningjar og áhugamál þeirra lágu saman á ýmsum sviðum fræðimennskunnar. Ekkert er síðan vitað hvort séra Jón gat nýtt sér eitthvað af gögnum Helga, né hvað um þau varð að Jóni látnum. Ef til vill eiga þau eftir að skjóta upp kollinum hjá einhverjum grúskara, sem telur það ómaksins vert að eyða tíma sínum í að rýna í þessi gömlu skrif, en kannski hafa þau bara öll glatast af einhverjum öðrum ókunnum ástæðum, en ef einhverjum sem þetta les er kunnugt um örlög þessara blaða væri fróðlegt að fá af því fregnir.

En þeim feðgum Helga og Karli verður seint fullpakkað fyrir varðveislu blaðanna frá Helga og þær minjar úr sögu Siglufjarðar, sem þau hafa að geyma og forðað er frá gleymsku fyrir atbeina þeirra og framsýni.

HPB, Siglufirði í apríl 2005.

Sýnishorn af rithönd Helga:

Ornefni
J Sigluneskvepp og Völsdölum

Allt til þess, að sé brúing oarð á vesturtakmörkum hins forna Vadalþingis 1826 að til þess laudist beiðin Völsdölin, er áður fylgdi Hlegranesþingi, vörnu takmörk þess, að vestari Völsdalaþjóll, að austari Vargá. Nefndust hér að þessi séðar Eigaþjardarsísla. (1)

Þú þinghá er vestari lá af þessum heildum, nefndust: Siglunesþing (2) en séðar: Sigluneskveppur. Þú þú þar nafni, sem annarsstadar, þingstáðurinn sem frá ándverðu man hafa orðið á Siglunesi. Sei vand þú brúing á séður á öldum, íða málegrí 1700, að hann þóttu að Hvarmúni í Siglufirði; nefndust þú beiðin þessar: Siglufjarðskveppur nokkara þú á 18. öld, en loth, eftir loth þessar: Hvarmúni skveppur.

Eftir er þetta mikið svið að beiðum við bíla tölu, enda mikið hluti þessarar þjallaþingis allhóin, sem þóu velna á séthjelka þessum, ganga fram til ílla nýja, svo víða eru þessar og séður í sé ofan. Enn hin séstari takmörk: Þú mikið Hvarmdalabjarg (3) til þú Ólafþór en hin vestari vörnu: áður nefnd Völsdalaþjóll (4) Stíðli þar einnig þannu helldi sébrótt. En annan við þessa gangur: Siglufjarðar (5) inni í þalendi þetta og séstari austur: Hleðisþjóll (6) Beiðin eru þess stúttu, en inn frá þessum dalu grósnu og þessa í þessum séð helldu beiðuhverfin, en þú þú þú, ítt á milli þess er fram gangur milli þjardanna, þess mikið er þar

Lausleg skrá yfir handrit Helga Guðmundssonar í bókasafni

Landnám Þormóðs ramma og Úlfs víkings	9 blaðsíður
Úlfsdalir	11 -“-
Siglufjörður	40 -“-
Siglunes	14 -“-
Héðinsfjörður	20 -“-
Byggðir og býli Hvanndalir	3 -“-
Erindi – flutt á fundi	22+ -“-

Örnefni í Sigluneshrepp og Úlfsdölum

+ Hvanndalir	bls. 1-5	5 -“-
Vík	bls. 6-9	4 -“-
Vatnsendi	bls. 10-12	3 -“-
Grund	bls. 13	1 -“-

Grundarkot (bls. 14-15)

Vantar inní röðina ?.

Möðruvellir	bls. 16-18	Örnefni 1-49	3 -“-
Ámá	bls. 19-23	Örnefni 1-98	5 -“-
Héðinsfjörður bær	“ 23-27	Örnefni 1-76	5 -“-
Reyðará:	bls. 21-22	Örnefni 1-40	2 -“-
Gnúpur:	“ 23-24	Örnefni 1-46	2 -“-
Siglunes	“ 25-28	Örnefni 1-70	3 -“-
Glaumbær	“ 28-29	Örnefni 1-25	
Staðarhóll:	bls. 30-32	Örnefni 1-69	3 -“-
Ráeyri:	“ 33-34	Örnefni 1-29	2 -“-
Saurbær:	“ 35-36	Örnefni 1-33	2 -“-
Hóll:	“ 37-39	Örnefni 1-47	3 -“-
Hlíð:	“ 40-41	Örnefni 1-30	2 -“-
Nes	“ 42-43	Örnefni 1-28	2 -“-

Skarðdalur og Skarðdalskot

Vantar inní röðina.

Minni-Höfn:	“ 48-49	Örnefni 1-25	2 -“-
Meiri-Höfn:	“ 50-51	Örnefni 1-30	2 -“-
Búð (ljósrit)	“ 52-54	Örnefni 1-30	3 -“-
Hvanneyri:	“ 55-58	Örnefni 1-70	4 -“-
Engidalur:	bls. 1-4	Örnefni 1-80	4 -“-
Dalabær:	“ 5-8	Örnefni 1-70	4 -“-
Lækir:	“ 9 (2 bl)	Örnefni 1-36	2 -“-
Máná:	“ 10-11+	Örnefni 1-63	3 -“-